

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 12. júní 2020

Mál nr. S-5097/2019:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Elín Hrafnisdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Arnari Inga Reynissyni

(Magnús Norðdahl lögmaður)

Dómur

I

Mál þetta, sem dómtekið var 28. maí síðastliðinn, var höfðað með ákæru, útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 24. september 2019, á hendur Arnari Inga Reynissyni, kt. [...], [...], [...], „fyrir eftirtalin umferðar- og fíkniefnalagabrot með því að hafa:

Mánudaginn 27. ágúst 2018 ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mælist kókaín 25 ng/ml og tetrahydrókannabínól 15 ng/ml), með 112 km hraða á klukkustund austur Vesturlandsveg í Reykjavík, við Suðurlandsveg, þar sem leyfður hámarks hraði var 80 km á klukkustund.

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 37. gr., 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. og 102. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993, sbr. 18. gr. laga nr. 66/2006.“

Ákærði var upphaflega ákærður fyrir fleiri brot en ákærvaldið féll frá þeim ákæruefnum við upphaf aðalmeðferðar.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Hann krefst þess að málsvarnarlaun verjanda hans og annar sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

II

Málavextir eru þeir að nefndan dag voru lögreglumenn við hraðamælingar á þeim stað er í ákæru getur. Nefndri bifreið var ekið austur Vesturlandsveg og mældu þeir hraða hennar 116 km miðað við klukkustund. Bifreiðinni var gefið merki um að stansa og var henni ekið upp á Suðurlandsveg og hún stöðvuð þar. Haft var tal af ákærða sem var ökumaður samkvæmt skýrslunni og bar hann merki fíkniefnaneyslu. Einnig voru í bifreiðinni eigandi hennar og stúlka. Ákærði var handtekinn og færður á lögreglustöð. Þar var honum tekið blóð til rannsóknar. Niðurstaða rannsóknar sýndi að í blóðsýninu voru þau fíkniefni sem í ákæru greinir.

III

Við aðalmeðferð neitaði ákærði sök og kvað eiganda bifreiðarinnar hafa verið ökumann hennar. Þegar hann hefði orðið var við lögregluna hefði hann spurt sig hvort hann vildi skipta um sæti við sig. Ákærði kvaðst hafa samþykkt það, enda hefði eigandinn gert sér mikinn greiða og hefði hann því verið í þakkarskuld við hann. Hann kvað þá hafa skipt um sæti um leið og bifreiðin var stöðvuð. Ákærði kvaðst því hafa setið í ökumannssæti þegar lögreglan kom að og hefði hann þannig tekið á sig sökina fyrir eigandann. Fram að þessu kvaðst ákærði hafa setið í farþegasæti frammi í og aftur í hefði stúlka setið. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum fíkniefna í þetta sinn.

Eigandi bifreiðarinnar bar að hann hefði ekið bifreiðinni en neytt ákærða til að taka við akstrinum þegar hann varð var við lögregluna og minnti hann að þá hefði bifreiðin verið á ferð. Hann taldi sig hafa sest aftur í þegar ákærði hafði sest í bifreiðastjórásætið. Hann mundi ekki hvort þeir hefðu skipt um sæti eftir að bifreiðin hafði verið stöðvuð.

Stúlka sem var farþegi í bifreiðinni kvaðst hafa setið aftur í. Hún kvað eiganda bifreiðarinnar hafa verið ökumann en hann hefði svo skipað ákærða að setjast í bifreiðastjórásætið. Hún kvað bifreiðina eiginlega hafa verið á ferð, eins og hún orðaði það, þegar þeir skiptu um sæti og eigandinn kom aftur í til hennar. Hún kvað þá hafa skipt mjög hratt um sæti og í minningunni væri eins og bifreiðin hefði verið á ferð þegar það gerðist. Rétt á eftir hefði bifreiðin verið stöðvuð.

Lögreglumaður sem ritaði frumskýrslu málsins staðfesti hana. Hann bar að þeir lögreglumenn hefðu verið við hraðamælingar og mælt nefnda bifreið aka á 116 km hraða austur Vesturlandsveg. Bifreiðinni hefði verið ekið upp á Suðurlandsveg og hefðu þeir ekið á eftir henni og stöðvað hana. Grunur hefði vaknað um að ákærði væri undir áhrifum fíkniefna og hefði hann verið handtekinn. Tveir farþegar hefðu verið í bifreiðinni og minnti hann að annar hefði setið frammi í og hinn aftur í. Hann kvað þá lögreglumenn hafa ekið rétt á eftir bifreiðinni og útilokað væri að ákærði hefði skipt um sæti við einhvern eftir að bifreiðin var stöðvuð.

Annar lögreglumaður bar að þeir hefðu mælt bifreiðina aka á 116 km hraða austur Vesturlandsveg og ekið á eftir henni með blá ljós og stöðvað hana á Suðurlandsvegi. Lögreglumaðurinn kvað ákærða hafa verið ökumann og hefði hann borið merki fíkniefnaneyslu. Lögreglumaðurinn kvað það útilokað að annar hvor farþeganna hefði verið ökumaður og útilokað væri að ökumaður hefði getað skipt um sæti við einhvern annan eftir að akstri lauk. Þeir hefðu ekið á eftir bifreiðinni og lagt fyrir aftan hana.

IV

Ákærði neitar sök og ber að eigandi bifreiðarinnar hafi ekið henni en hann hafi tekið á sig sökina fyrir hann hjá lögreglu eins og rakið var.

Þegar lögreglumenn komu að bifreiðinni sat ákærði í ökumannssæti og báru báðir lögreglumennirnir að þeir hefðu ekki séð ákærða og eiganda bifreiðarinnar hafa sætaskipti. Eigandinn og stúlka sem var farþegi í bifreiðinni bera bæði að sætaskiptin hafi verið höfð meðan bifreiðin var á ferð og getur það því vel hafa verið áður en lögreglumenn komu að bifreiðinni. Samkvæmt þessu er sannað að ákærði hafi ekið bifreið undir áhrifum fíkniefna og sviptur ökurétti, eins og honum er gefið að sök. Verður hann sakfelldur fyrir það og eru þau brot hans rétt færð til refsíákvæða í ákærinni. Með vísun til framburðar ákærða, eigandans og stúlkunnar er hins vegar ósannað að ákærði hafi ekið bifreiðinni þegar lögreglumenn mældu hraða hennar. Er því óhjákvæmilegt að sýkna hann af ákæru fyrir það brot.

Ákærði var dæmdur í 30 daga fangelsi 17. september 2014 og sviptur ökurétti ævilangt fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna. Að öðru leyti hefur ekki þýðingu að rekja sakaferil hans. Refsing ákærða nú er hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi. Þá verður ævilöng ökuréttarsvipting áréttuð.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað eins og í dómsorði segir og málsvarnarlaun verjanda síns sem ákveðin eru með virðisaukaskatti í dómsorði. Með hliðsjón af því að fallið var frá hluta af upphaflegu ákæruefni og úrslitum málsins er rétt að ákærði greiði helming málsvarnarlauna en helmingur skal greiddur úr ríkissjóði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð

Ákærði, Arnar Ingi Reynisson, sæti fangelsi í 60 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði 153.269 krónur í sakarkostnað og málsvarnarlaun verjanda síns, Magnúsar Davíðs Norðdahl lögmanns, 444.500 krónur, að hálfu en að hálfu skulu þau greidd úr ríkissjóði.

Arngrímur Ísberg